



B.t. Innviðaráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar

Afrit: Vegagerðin

Reykjavík 24. ágúst 2022

### **Efni: Endurbætur á vegum sem þjóna skólaakstri**

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar er varða börn í Húnaþingi vestra sem þurfa að ferðast með skólabíl um Vatnsnesveg (711) til að sækja skóla en samkvæmt framkomnum upplýsingum er ástand vegarins mjög bágborið, en um er að ræða malarveg með mörgum og djúpum holum og er því haldið fram að umferðaröryggi þar sé verulega ábótavant. Nú er svo komið að foreldrar barna á skólaskylduáldri íhuga alvarlega að halda börnum sínum frá skóla þar sem þau telja veginn ekki öruggan og fram hefur komið að mörg barnanna upplifa kvíða og vanlíðan við akstur til og frá skóla vegna ástands vegarins.

Í 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er skýrt kveðið á um það að öllum börnum á aldrinum 6-16 ára er skylt að sækja grunnskóla. Þá kveður Barnasáttmálinn á um skyldu aðildarríkja til að viðurkenna rétt barns til menntunar og ber jafnframt að sjá til þess að sá réttur nái fram að ganga þannig að allir njóti sömu tækifæra og án mismununar af nokkru tagi, sbr. 2. og 28. gr. sáttmálans. Barnasáttmálinn leggur jafnframt þær skyldur á aðildarríki að gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og ber stjórnvöldum ávallt að hafa það sem er barni fyrir bestu í forgangi þegar ákvarðanir eru teknar er varða börn, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans.

Brýnt er að hafa í huga að skólaakstur þjónar þeim tilgangi að tryggja öllum börnum jafnan aðgang að menntun, óháð búsetu, en sveitarfélög eiga að skipuleggja skólaakstur í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum. Til þess að sveitarfélög geti uppfyllt þær skyldur verða vegir þar sem skólaakstur fer fram að vera í viðunandi ásíðkomulagi, með tilliti til öryggis og líðan barna.

Í nágildandi samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 kemur fram að hefja eigi vinnu við að greina stöðu barna og ungmenna í samgöngum með það að markmiði að stefnumótun í samgöngumálum taki mið af þörfum þeirra. Í júlí 2021 gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið út skýrslu um stöðu barna og ungmenna í samgöngum. Þar kemur fram að mikið verk sé óunnið um land allt í uppbyggingu öruggra og barnvænna samgönguinnviða og er þar sérstaklega fjallað um góða vegi á leiðum skólaaksturs. Þá er einnig áréttað í niðurstöðum skýrslunnar að staða barna og ungmenna í samgöngum sé sérstök og að stefnumótun í málaflokknum þurfi að taka sérstaklega mið af henni.

Þegar stjórnvöld móta stefnur í málaflokkum eða taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á börn, til dæmis varðandi samgöngur, þarf ávallt að hafa í huga hagsmuni og þarfir barna. Leggja þarf mat á áhrif ákvarðana á börn sem er liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber stjórnvöldum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif, og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt. Þannig er tryggt að stefnan eða ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans.

Hvað varðar Vatnsnesveg sérstaklega, hefur margoft verið bent á að löngu tímabært sé að gera endurbætur á veginum þannig að börn á skólaskylduáldri geti farið í og úr skóla á öruggan og viðunandi hátt. Vegurinn er nú kominn á samgönguáætlun en ekki er gert ráð fyrir fjármagni til verkefnisins fyrr en árið 2025-2029. Samkvæmt áætluninni munu framkvæmdir við veginn að mestu fara fram á árunum 2030-2034. Ítrekað hafa íbúar á svæðinu bent á mikilvægi þess að framkvæmdum við veginn verði flýtt, þar sem vegurinn ber ekki þann umferðabunga sem um hann fer. Til að mynda bærust fjölmargar athugasemdir þess efnis þegar drög að samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda og einnig þegar þingsályktunartillaga um fimm ára samgönguáætlun 2020-2024 var lögð fram á Alþingi.

Að öllu framangreindu virtu bendir umboðsmaður barna á mikilvægi þess að stjórnvöld forgangsraði fjármagni til verkefna sem varða með beinum hætti réttindi og hagsmuni barna. Það er með öllu óásættanlegt að til þess að börn fái notið jafn sjálfsagðra réttinda og menntunar að þau þurfi að leggja á sig ferðalag sem valdi þeim mikilli vanlíðan og kvíða og jafnvel ógnað öryggi þeirra.

Umboðsmaður barna hvetur innviðaráðherra til að bregðast við því ófremdarástandi sem myndast hefur á Vatnsnesvegi og standa við fyrirheit um uppbyggingu öruggra og barnvænna samgönguinnviða um land allt.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna